

ÆVINTÝRAFERÐ UM
NEÐRA-BREIÐHOLT
með ratleik



Neðra-Breiðholt

Neðra-Breiðholt er hluti af Breiðholtinu, hinir hlutarnir heita Efra-Breiðholt og Seljahverfi. Í Neðra-Breiðholti enda öll götuheiti á -bakki eða -stekkur. Einn verslunarkjarni er í hverfinu og hann er í Mjódd. Þar eru nokkrar verslanir og veitingastaðir. Í Neðra-Breiðholti er einn grunnskóli, Breiðholtsskóli, og þrír leikskólar. Þeir heita Arnarborg, Bakkaborg og Fálkaborg.

Það eru alls 31 leiksvæði eða leikvellir í Neðra-Breiðholti. Flest leiksvæðin eru við fjölbýlishús og eru mörg þeirra mjög fín og vel við haldið. Gangan um hverfið er mjög létt, lítið er um brekkur og mikið er af grænum svæðum og gróðri. Eina almenningssalerni hverfisins er í verslunarkjarnanum í Mjódd og þar er líka hægt að kaupa nesti, ef slíkt gleymdist. Ef þið komið í hverfið með strætó stoppa leiðir 2, 3, 4, 11, 12, 17, 21 og 24 í Mjódd og leiðir 2 og 12 stoppa við Leirubakka.

Ratleikurinn sem fylgir með kortinu af Neðra-Breiðholti inniheldur níu léttar spurningar fyrir börn frá 4 ára aldri (stundum þurfa þó foreldrar að lesa). Svörin við spurningunum er að finna neðst á þessu blaði. En það er bannað að kíkja á þau áður en leikurinn er búinn!


Áður en þið hefjið ævintýrið er gott að lesa reglurnar og ábendingarnar sem eru á næsta blaði.

Góða skemmtun!




Nokkrir punktar áður en ævintýrið hefst

- Nokkrir hlutir sem er gott að hafa með sér í ævintýraferðir:
 - Vatnsbrúsi og gott nesti
 - Góðir skór og hugsanlega auka sokkar eða föt
 - Kortið sem fylgir, útprentað
 - Sími/myndavél (ef þið viljið eiga myndir úr ævintýrinu)
 - Blýantur eða penni, ef taka á þátt í ratleiknum
- Þó að sumir leikvellir séu **litlir** þýðir það ekki að þeir geti ekki verið spennandi, og öfugt, sumir **stórir** leikvellir eru ekkert endilega með mest spennandi tækin :)
- Þó að tillaga sé að bílastæði og leikvellir númeraðir þarf ekki að fara eftir kortinu. Auðvitað er hægt að stytta ferðina með því að sleppa úr nokkrum leikvöllum.
- Mörg leiksvæðanna eru á einkalóðum fjölbýlishúsa. Passið að ónáða ekki íbúa þessara fjölbýlishúsa og farið vel með leiktækin, eins og gildir alls staðar. Ef íbúar vilja, einhverra hluta vegna, ekki fá aðra inn á lóðina til sín skal virða það í einu og öllu.
- Farið vel með leiktækin og umhverfið. Ekki henda rusli á jörðina eða vera með annan sóðaskap. Það væri mjög fallegt af ykkur að taka jafnvel rusl sem aðrir hafa skilið eftir og henda í næstu ruslafötu.
- Farið varlega. Sum leiktækin eru komin til ára sinna, sérstaklega við eldri fjölbýlishús. Það er á ykkar ábyrgð að slasa ykkur ekki á leiktækjum sem þyrfti að fara að endurnýja.



Nedra Breiðholt



1 Stór leikvöllur (6+ tæki)

2 Midlungs leikvöllur

3 Litill leikvöllur

☺ Bekkur með bordi fyrir nestspásu

☺ Ungbarnaróla

☺ Tillaga að bílastæði

☺ Sundlaug

☺ Verslun eða matsala

☺ fÆrslabelgur

☺ Spannandi tæki (aparóla, körfuróla)

☺ flmenningssalerni

☺ Áhugaverður staður

Ratleikur

1. Hvað eru margar rólur við Breiðholtsskóla (1)?

2. Hvað heitir þessi leikskóli (3)?

3. Hvað eru mörg grenitré við þennan leikvöll (4)?

4. Hvernig er leiktækið á leiksvæði nr. 9 á litinn?

5. Hvað eru margar rennibrautir á leiksvæði nr. 13?

6. Hvaða leiktæki fannst þer skemmtilegast á leikskólanum Fálkaborg (17)?

7. Hvað eru mörg vegasölt á leiksvæði nr. 21? _____

8. Á hliðinu inn á gæsluvöllinn í hverfinu er skilti, hvað segir skiltið okkur?

9. Einu sinni var bakarí starfandi í Neðra-Breiðholti. Skiltin eru enn uppi. Hvað hét þetta bakarí?
